

Truenorth  
Fiskislóð 31A  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2024  
UST202405-189/P.V.B.  
09.08.02

## Efni: Umsókn um leyfi til akstur utan vega í Stampahrauni

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Truenorth, dagsett, 21. maí 2024, um leyfi til aksturs utan vega í Stampahrauni.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til til að keyra skotbómulyftara og sexhjóli á afmörkuðu svæði í Stampahrauni til að koma fyrir leikmynd. Svæðið er um 50x100 metra stórt. Vinna við að koma leikmyndinni myndi hefjast 27. maí og frágangi á svæðinu lyki 15. júní 2024. Ekki er gert ráð fyrir að vinna á svæðinu alla dagana. Þá daga sem yrði unnið væri viðvera á svæðinu í 6-8 klukkutíma. Ekki er unnt að koma leikmyndinni fyrir með öðrum hætti vegna þyngdar. Kort sem sýnir það svæði sem aksturinn færi fram á fylgdi með umsókn. Hjólför og önnur ummerki munu verða afmáð að tókum loknum. Aðkoma að svæðinu væri eftir þjónustuvegi HS orku. Aðstöðubifreiðar og bifreiðar sem flytja búnað þann dag sem tókur færu fram yrði lagt á þessum vegi. Að undirbúningi og frágangi kæmu 10-20 manns.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og náttúru til lengri tíma lítið sé farið að skilyrðum leyfisins og vandað til verka við frágang á svæðinu.

### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstrinum innan Stampahrauns sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 27. maí til 15. júní 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir akstrinum hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki kvikmyndatökunar og akstursins.
- Takmarka skal fjölda ferða sem keyrðar verða utan vega eftir því sem kostur er.
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka skotbómulyftaranum og sexhjólinu að tökusvæði og innan þess svæðið sem afmarkað er í fylgigögnum með umsókninni.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Forðast skal að keyra yfir gróður og hraunhellur eftir því sem kostur er.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir akstrinum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 28. gr. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

René Biasone  
**sérfræðingur**